

Ed.

796. Frumvarp til laga

[306. mál]

um breyting á lögum nr. 13 31. mars 1962 um heyrnleysingjaskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi, 1977—1978)

1. gr.

Á eftir 4. gr. laganna komi ný grein, 5. grein, svohljóðandi:

Við Heyrnleysingjaskólann skal starfa framhaldsdeild er hafi það hlutverk að veita nemendum undirbúning og aðstoð til að afla sér menntunar og þjálfunar í ýmsum starfsgreinum og réttinda til sérnáms í framhaldsskólum eða háskólum. Deildin skal starfa í samvinnu við skóla á viðkomandi námssviði. Nánari ákvæði um starfsemi deildarinnar skulu sett í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðustu árum hafa augu manna opnast fyrir þörf heyrnarskertra til aukinnar framhaldsmenntunar.

Strax og starfsaðstaða Heyrnleysingjaskólans batnaði um 1971 var hafist handa um að athuga þessi mál. Síðan 1972 hefur skólinn haldið uppi þeirri framhaldsmenntun fyrir heyrnarskerta sem unnt hefur verið.

Kennslan hefur að verulegu leyti byggst á fórnfúsu starfi áhugamanna, bæði starfsmanna Heyrnleysingjaskólans og annarra skóla. Hingað til hefur aðaláherslan verið lögð á iðnfræðslu. Bókleg fræðsla hefur farið fram í Heyrnleysingjaskólanum og hafa kennarar við Iðnskólann í Reykjavík annast þá kennslu, en kennarar við Heyrnleysingjaskólann túlkað kennsluna fyrir nemendur. Verklegt nám hafa nemendur stundað í Iðnskólanum eða hjá iðnmeisturum, sem þeir hafa gert námssamning við. Starfsemi þessi hefur verið rekin með samþykki og aðstoð menntamálaráðuneytisins, en lagaheimild hefur skort.

Frá 1939—1977 hafa útskrifast og farið frá skólanum 70 nemendur.

Í Heyrnleysingjaskólanum eru nú nemendur, sem skiptast þannig í aldursflokka:

Fæddir	drengir	stúlkur	samtals
1940	1		1
1954	1		1
1955	1	1	2
1956	2	1	3
1957	1	1	2
1959	4		4
1960		2	2
1962	1	1	2
1964	11	16	27
1965	1	1	2
1966	1		1
1967	1		1
1968	3		3
1970		1	1
1972	1		1
1973	5	3	8

61

Samkvæmt þeim gögnum, sem fengist hafa, má ætla að árið 1978 komi 4 nemendur í skólann.

Reynsla undanfarinna ára hefur leitt í ljós, að ýmsar breytingar á framhaldsnámi heyrnarskertra eru nauðsynlegar og aukinnar kennslu er þörf, ef framhaldsdeildin á að geta þjónað tilgangi sínum.

1. Námsefni hinna ýmsu iðngreina er svo mismunandi að það krefst fleiri kennara en til þessa hafa verið.
2. Það hefur komið í ljós, að heyrnarskertir þurfa nauðsynlega miklu meiri undirbúning undir framhaldsnám en unnt er að veita þeim á skólaskyldutíma, enda má það öllum ljóst vera, að vegna þess að langmestum hluta af skólaskyldutíma heyrnarskertra verður að verja til þess að kenna þeim mál og skapa hjá þeim málskilning, hljóta þeir að þurfa lengri tíma og meiri hjálp til framhaldsnáms en þeir sem hafa fulla heyrn og læra málið af sjálfu sér.
3. Þótt iðnnám hafi oftast verið það, sem heyrnarskertir kjósa að leggja stund á, verða þeim að vera allar námsleiðir opnar. Heyrnarskertir verða venjulega að taka sérstakt tillit til sinnar hömlunar þegar þeir velja sér nám og ævistarf.

Því fleiri leiðir sem standa þeim opnar til náms, þeim mun minni áhrif hefur þessi hömlun á val þeirra og framtíðaráform. Það ber því brýna nauðsyn til að opna heyrnarskertum allar færar leiðir til náms og minnka með því þau áhrif, sem heyrnarskerðing hefur á framtíð þeirra

4. Eins og að framan greinir voru engin ákvæði til um kennslumagn fyrir Heyrnleysingjaskólann og þá að sjálfsögðu ekki fyrir framhaldsdeild hans. Með reglugerð um sórkennslu, sem gefin var út 1977, er kennslumagn Heyrnleysingjaskólans ákveðið, en það miðast að sjálfsögðu aðeins við skólaskyldutíma heyrnarskertra nemenda eins og hann er lögum samkv.

Markmið framhaldsdeildar við Heyrnleysingjaskólann er að gefa öllu heyrnarskertu fólki kost á framhaldsnámi sambærilegu því sem þjóðfélagið býður hinum heyrandi upp á.

Heyrnarlaust og alvarlega heyrnarskert fólki getur ekki notfært sér þá kennslu, sem fram fer í almennum framhaldsskólum. Því miður hefur Heyrnleysingjaskólinn hvorki hafi lagaheimild né nægilegt fjármagn til að veita heyrnarskertum framhaldsmenntun.

Með því að fá lagaheimild fyrir framhaldsdeild við Heyrnleysingjaskólann er stuðlað að því, að allir heyrnarskertir geti með góðu móti aflað sér menntunar á því sviði sem hugur þeirra stendur til og geta þeirra leyfir.

Framhaldsdeild Heyrnleysingjaskólans þarf að geta tekið á móti öllum heyrnarskertum, núverandi, fyrrverandi og verðandi nemendum skólans, svo og öðrum heyrnarskertum sem vegna heyrnarskerðingar sinnar geta ekki hagnýtt sér nám í almennum framhaldsskólum.

Kennslumagnsþörf í framhaldsdeild fyrir heyrnarskerta hlýtur að verða mikil.

Bæði er að deildin verður fámenn og kennslumagn nýtist því verr en ella og hver nemandi þarf miklu meiri aðhlynningu en gerist í almennum framhaldsskólum. Kennslumagnsþörfin getur orðið mjög mismunandi frá ári til árs og yrði nákvæmur útreikningur að koma til endurskoðunar árlega.

Góð skipulagning námsins og gott samstarf við aðrar kennslustofnanir skiptir hér verulegu máli. Þessi deild verður óhjákvæmilega dýrari en stofnanir fyrir heilbrigða ef miðað er við kostnað á nemanda. En þeir fjármunir, sem til deildarinnar yrði varið, munu örugglega skila sér aftur í þjóðarbúið.

Annar kostnaður en beinn kennslukostnaður mun verða nokkur, þegar framangreind lagabreyting kæmi til framkvæmda.

1. Kostnaður við gerð kennslugagna. Endursemjja þarf að langmestum hluta þær kennslubækur, sem til eru í hinum ýmsu námsgreinum, með þarfir og getu hins

heyrnarskerta í huga. Þótt sá heyrnarskerti geti lesið bók eins og sá sem heyrir, er málskilningur hins heyrnarskerta oftast ekki nema örlítið brot af því sem hinn heyrandi skilur.

Kennslubækur þarf því að einfalda, eftir því sem hægt er, efnisins vegna. Erlendar kennslubækur þarf að þýða og/eða endursegja. Þetta verk verður að vinna í nánu samstarfi við skóla, fræðslunefndir og fulltrúa atvinnugreina sem við á hverju sinni.

2. Nemendur Heyrnleysingjaskólans munu stunda nám í öðrum framhaldsskólum eftir því sem geta þeirra leyfir.

En til þess að sú kennsla komi hinum heyrnarskerta að notum þurfa viðkomandi framhaldsskólakennarar að njóta leiðbeininga og aðstoðar Heyrnleysingjaskólans. Einnig þurfa kennarar, sem starfa við framhaldsdeild Heyrnleysingjaskólans, að njóta tilsagnar í sérhverri starfsgrein hjá þeim framhaldsskólakennurum sem sérþekkingu hafa á viðkomandi sviði.

3. Verði frumvarp þetta að lögum, mun um verulega samvinnu verða að ræða milli framhaldsdeildar Heyrnleysingjaskólans og annarra menntastofnana. Ekki verður hjá því komist að nemendur og kennarar deildarinnar þurfi að ferðast milli Heyrnleysingjaskólans og þeirra stofnana. Af þessum ferðalögum leiðir nokkurn kostnað. Hér er um það að ræða að nemendur stunda hluta af námi sínu við framhaldsdeild Heyrnleysingjaskólans en sækja tíma í þeim námsgreinum sem mögulegt er í annan skóla.
4. Kostnaður við öflun kennslutækja verður nokkur.

5. **Túlkun:**

Starfssvið túlks er að yfirfæra talmál yfir á mál heyrnleysingja og gagnkvæmt. Túlkur evkur möguleika þeirra heyrnarskerta til að fylgjast með þegar fyrirlestrar eru haldnir, t.d. fyrir heyrandi og heyrnarskerta í sameiningu. Túlkur er einnig nauðsynlegur við alla félagslega og sálfræðilega hjálp.

6. Framanskráðar ábendingar gefa vísbendingu um þann kostnað sem framhaldsdeild hlýtur að hafa í för með sér, enda erfitt að áætla hann nákvæmlega fyrirfram.